



VINNA Á WIKI-SÍÐUNNI HEIMAVINNA Í HEIMSPEKI

WIKI-síða heimspekivalsins er á eftirfarandi slóð:

- https://heimspekival.wikispaces.com/Heimspekival_2007-2008

Hvað á að gera?

1. Fara í „discussions“ flipann og finna þráðinn sem tengist umræðuefninu hverju sinni (þráður merktur t.d. „fegurð-almenn umræða“).
2. Taka þátt í skrifaðri samræðu um efnið. Lesið það sem komið er og haldið pælingunum áfram.
3. Skrifið inn a.m.k. þrisvar sinnum, helst ekki sama daginn þannig að aðrir hafi tíma til að svara inn á milli.
4. Þegar almennri umræðu er lokið hjálpast allir nemendur að við að smíða einn sameiginlegan texta undir „page“ flipanum. Þessi texti verður síðan sendur inn í Málgarð, vefrit grunnskólanna í Garðabæ. Vinna í þessum hluta krefst þess að allir nemendur sýni fulla virðingu fyrir sjálfum sér, hinum í hópnun og viðfangsefninu.

Námsmat – fyrir hvað er gefin einkunn? (í þróun, getur breyst í samráði við nemendur):

- Er fyrirætlunum fylgt (skrifað þegar heimavinna er sett fyrir, skrifað bæði í almenna umræðu og í sameiginlega textanum)?
- Hversu oft er skrifað? Hversu mikið?
- Eru góð rök notuð?
- Eru nýjar hugmyndir lagðar fram?
- Uppbyggileg gagnrýni? Góðar spurningar?

Nemendur þurfa að vinna á WIKI-síðunni u.þ.b. 1-2 í mánuði.

Þessi vinna gildir 20-30% af haustannareinkunn í heimspeki.